



Reykjavík, 10. desember 2018
VEL2018100005
343. fundur
RÁ/kg/hv

Lagt fyrir fund velferðarráðs 12. desember 2018

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Svar við fyrirspurn Flokks fólksins um biðlista vegna námskeiða.

Forsaga:

Á fundi velferðarráðs þann 24. október 2018 var lög fram eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Flokk fólksins:

Biðlistarvandinn virðist vera viðvarandi vandi í borginni þegar kemur að börnum. Börn þurfa að bíða í langan tíma, allt að ár eftir margs konar þjónustu. Vitað er til að það er biðlisti einnig í ýmis konar námskeið á vegum þjónustumiðstöðva. Óskað er eftir að fá ítarlega stöðu biðlista sundurliðaðan eftir hverfum í þau námskeið sem þjónustumiðstöðvar bjóða börnum og foreldrum þeirra upp á: 1. PMTO foreldranámskeið, 2. Fjörkálfar, 3. Mér líður eins og ég hugsa, 4. Klókir krakkar, 5. Klókir litlir krakkar.

Svar:

Í október 2018 eru **309 börn** og foreldrar þeirra á bið eftir námskeiðum á vegum velferðarsviðs en alls hafa **333 börn** fengið þjónustu á árinu 2018.

Rétt er að taka fram að á biðlistanum eru foreldrar sem hafa áður fengið boð um að sækja námskeið en hafa ekki þegið boðið. Meginreglan er sú að foreldrar geta afþakkað boð á námskeið einu sinni og verið á biðlista áfram. Afþakki þeir í annað skipti eru þeir teknir af biðlista og bent á að sækja um síðar ef ástæða þykir. Þjónustumiðstöðvar hafa samráð og samstarf um framkvæmd námskeiða og foreldrum stendur því til boða að bíða eftir námskeiði í sínu hverfi eða að sækja námskeið í öðrum hverfum.

PMTO (Parent Management Training Oregon):

Meginmarkmið PMTO er að kenna foreldrum að nota styðjandi uppeldisaðferðir. Unnið er með ákveðna grunnþætti til að stuðla að jákvæðri hegðun barnsins og draga úr hegðunarvanda. PMTO skiptist í a) átta vikna foreldranámskeið fyrir foreldra barna með vægan hegðunarvanda eða í áhættu vegna hegðunarvanda, b) hópmeðferð í 14 skipti fyrir foreldra barna með miðlungs/alvarlegan hegðunar- og aðlögunarvanda, c) einstaklingsmeðferð í 23 tíma fyrir foreldra barna með alvarlegan hegðunarvanda (PCT).

Í töflu 1 kemur fram fjöldi barna og foreldra sem fá þjónustu á árinu 2018. Þegar sótt er um PMTO námskeið er eitt barn tilgreint en misjafnt er hveru margir foreldrar eru á bak við það barn. Oft eru fleiri börn á heimili sem njóta góðs af þeim styðjandi uppeldisaðferðum sem unnið er með. Á árinu 2018 eru því samtals 389 börn á þeim heimilum sem fá PMTO.

Tafla 1: PMTO

PMTO 2018	ÞVMH	ÞLH	ÞB	ÞÁG	ÞGK	BR	Kvenna-smiðja	Samt.
Fjöldi barna (foreldrar) í þjónustu	18 (43)	29 (44)	19 (30)	47 (67)	20 (31)	30 (38)	11 (11)	174 (264)
Fjöldi barna á bið	34	8	20	27	23	5	0	117

Á árinu 2018 var í fyrsta sinn haldið hópmeðferðarnámskeið fyrir þátttakendur í Kvennasmíðjunni sem er endurhæfingarnámskeið á vegum velferðarsviðs fyrir mæður sem hafa fengið fjárhagsaðstoð til lengri tíma. Fyrirhugað er að PMTO námskeiðin verði hluti af Kvennasmíðjunni. Jafnframt hefur PMTO verið innleitt hjá *Greiningu- og ráðgjöf* heim á vegum Barnaverndar Reykjavíkur, sem staðsett er á Mánabergi, vistheimili barna.

Klókir krakkar og Klókir litlir krakkar:

Um er að ræða staðlaða meðferð við kvíðaröskunum barna sem sýnt hefur góðan árangur, bæði í einstaklings- og hópmeðferð. Námskeiðin eru fyrir börn á aldrinum 8-12 ára sem uppfylla greiningarviðmið um kvíðaraskanir. Átta til tíu börn og foreldrar þeirra eru saman í hópi. Hópmeðferðin er einu sinni til tvisvar sinnum í viku í 6-10 vikur og varir hver tími í um 90 mínútur. Klókir litlir krakkar eru fyrir foreldra með barn á aldrinum 2 - 7 ára. Einungis foreldrar viðkomandi barns sækja námskeiðið en ekki barnið sjálft. Bak við hvert barn geta því verið fleiri en eitt foreldri.

Tafla 2: Klókir krakkar

Klókir krakkar 2018	ÞVMH	ÞLH	ÞB	ÞÁG	ÞGK	Samt.
Fjöldi barna í þjónustu	19	16	20	8	18	81
Fjöldi barna á bið	12	15	0	21	35	83

Tafla 3: Klókir litlir krakkar

Klókir litlir krakkar 2018	ÞVMH	ÞLH	ÞB	ÞÁG	ÞGK	Samt.
Fjöldi barna* í þjónustu	8	11	10	0	0	29
Fjöldi barna* á bið	16	15	16**	7	0	54

*Um er að ræða fjölda barna sem tilgreind eru þegar sótt er um þjónustu

**Þarf af eru 5 börn sem eru of ung til að foreldrar geti hafið þáttöku.

Mér líður eins og ég hugsa:

Námskeið í hugrænni atferlismeðferð (HAM) fyrir 13-15 ára unglunga sem eiga við algeng tilfinningaleg vandamál að stríða. Námskeiðið stendur í sex vikur, einu sinni í viku. Markmið námskeiðsins er að unglungarnir átti sig á samhengi milli hugsunar og tilfinninga, geri sér grein fyrir tengslum hugsana og tilfinninga og læri aðferðir til að endurmeta hugsanir sínar og þar með bæta eigin líðan og viðhalda henni. Námskeiðið

stendur í sex vikur, eina og hálf klukkustund í senn. Kynning er fyrir alla foreldra við upphaf námskeiðsins.

Tafla 4: Mér líður eins og ég hugsa

Mér líður eins og ég hugsa 2018	ÞVMH	ÞLH	ÞB	ÞÁG	ÞGK	Samt.
Fjöldi barna í þjónustu	19					19
Fjöldi barna á bið	10	7	22*	6		45

*Þarf af hefur 12 börnum verið boðin þátttaka..

Námskeiðið var upphaflega þróað af Barna- og unglíngageðdeild. Þjónustumiðstöðvar tóku námskeiðið upp sem lið í að fylgja eftir þeim börnum í 9. bekk sem fóru gegnum skimun á kvíða og þunglyndi og tilefni þótti til að bregðast við niðurstöðum skimunar. Persónuvernd gerði árið 2017 athugasemd við framkvæmd skimana velferðarsviðs og var þeim hætt í kjölfarið. Velferðarsvið hefur verið í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við að vinna að breytingum á framkvæmd skimana, til að tryggja framgang verkefnisins. Velferðarsvið hefur í þriggja óskað eftir heimild Persónuverndar til að hefja skimun fyrir depurð og kvíða meðal grunnskólanamanda en svör hafa enn ekki borist. Dreigið hefur því úr að þjónustumiðstöðvar haldi námskeiðið. Námskeiðið hefur auk þess verið í endurskoðun, m.a. hjá Barna- og unglíngageðdeild þar sem ákveðnir hnökrar þykja hafa komið fram. Í samstarfi við Barna- og unglíngageðdeild og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fer því fram skoðun á velferðarsviði á því hvort önnur námskeið séu betur til þess fallin að mæta þörfum barna með kvíða og þunglyndiseinkennum.

Fjörkálfar:

Námskeið í reiðistjórnun fyrir börn á aldrinum 8-12 ára sem byggt er á hugrænni atferlismeðferð. Um er að ræða námskeið fyrir lítinn hóp barna en auk þess er foreldrum boðið að taka þátt í fræðslutímum um námskeiðið og reiðivanda barna. Tilgangur námskeiðsins er að kenna börnunum að stjórna viðbrögðum sínum þannig að tíðni árekstara við aðra minnki. Einnig að fara yfir æskilegar leiðir fyrir foreldra til að bregðast við og vinna með reiði hjá barni. Námskeiðið stendur í 6 vikur, einu sinni í viku, 60 mín í senn. Á árinu 2018 hefur námskeiðið einungis verið haldið af þjónustumiðstöð Breiðholts.

Tafla 5: Staða Fjörkálfa

Fjörkálfar 2018	ÞVMH	ÞLH	ÞB	ÞÁG	ÞGK	Samt.
Fjöldi barna í þjónustu			30			30
Fjöldi barna á bið			10*			10

*5 börnum áður verið boðin þátttaka – námskeið hefist í jan. nk.